

**Gos í Eyjafjallajökli - staða 29. apríl 2010 kl. 18.**

**Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans**

Unnið af: *MJR / HB / MTG / GS / BO*

**Staða byggð á:**

Jarðskjálftamælum, vatnsrennsli í Markarfljót, GPS mælum, vefmyndavélum frá Vodafone, Milu og Múlakoti, veðurradar og flugi TF-SIF um kl. 10.

**Gosmökkur:**

Stefna: Vestnorðvestur frá gosstöðinni.

Hæð: Sést ekki upp úr skýjum (skýjahæð 3,6-5,1 km). Er líklega lægri en 3,6 km (12.000 fet). Sést ekki á veðurratsjá.

Litur: Engar upplýsingar.

Gjósकुfall: Vart við öskufall á Ásólfsskála undir Eyjafjöllum í morgun.

Eldingar: Fjórar eldingar mældust yfir Eyjafjallajökli milli kl. 19:47 og 20:03 í gær.

Drunur: Drunur heyrast frá gosinu, m.a. í Selsundi, 40 km NNA af gosstaðnum.

**Bræðsluvatn:**

Vefmyndavélar sýna samfellt rennsli bræðsluvatns frá Gígjökli. Rennsli Markarfljóts var mælt tvisvar á gömlu brúnni í gær, 28. apríl. Flóð sem kom í gær kl. 11:30 niður Gígjökul mældist 250 m<sup>3</sup>/s á brúnni tveimur tímum síðar. Bæði í gær og í dag er talið að 130-150 m<sup>3</sup>/s hafi runnið frá Gígjökli sem er meira en undanfarna daga.

Rafleiðni í Krossá og Steinholtsá er ennþá há (sjá skýrslu gærdagsins).

**Aðstæður á gosstað:**

Radarmyndir úr TF-SIF sýna að gígurinn innan nyrðri ketilsins hækkar heldur, meðan jökullinn suðvestan við gíginn springur upp og lækkar. Hraun rennur í norðurátt niður að Gígjökli. Ís bráðnar við jaðra hraunsins.

**Gosórói:**

Svipaður og verið hefur undanfarna sex daga.

**Jarðskjálftar:**

Skjálfti að stærð M<sub>1</sub> 1,5 mældist grunnt undir toppgígnum kl. 13:10. Þessi skjálfti kann að hafa verið sprenging í gígnum.

**GPS-aflögun:**

Lítill hreyfing inn að miðju fjallsins.

**Kvikflæði:**

Engar athuganir í dag, en talið að heildarflæði sé svipað og undanfarna daga.

**Aðrar athugasemdir:**

Engin merki um breytingar undir Kötlu. Minnt er á að hætta stafar af gasi við Gígjökul.

**Heildarmat:**

Kvikustreymi og gosmökkur hefur verið með svipuðum hætti og undanfarna sólarhringa og hraun heldur áfram að renna til norðurs í upptökum Gígjökuls. Af gufu sem leggur upp af Gígjökli má ráða að hraunið sé komið í hallann til norðurs. Ekki sjást merki um að gosi sé að ljúka.